

Norðurþing
b.t. Katrínar Sigurjónsdóttur sveitarstjóra
Ketilsbraut 9
640 Húsavík

Björgum 22. apríl 2025.

Efni: Varðar samning um göngustíg yfir lóð Gb5 ehf. milli Garðarsbrautar og Ketilsbrautar og gróðursvæði því tengd, sem upphaflega var gerður milli Kaupfélags Þingeyinga og Húsavíkurbæjar, um eða fyrir 1990.

Án þess að undirritaður hafi nákvæmar upplýsingar, þá eftir því sem næst verður komist mun það hafa verið um eða fyrir 1990, sem Húsavíkurbær óskaði eftir því við Kaupfélag Þingeyinga, að fá að leggja göngustíg yfir lóð félagsins, milli Garðarsbrautar og Ketilsbrautar. Ef undirritaður man umræðuna rétt þá var þetta liður í áformum um að leggja göngustíg, neðan undan Bakkanum og upp að Safnahúsinu.

Um þessi áform náðist samkomulag og göngustígurinn var lagður ásamt tilheyrandi gróðursvæðum, bæði á svæði sem aðskilur bílastæðin og við suðurenda Garðars, inn í lóð frá gangbraut við Garðarsbraut. Um þetta verkefni var gerður samningur, að því er undirritaður best veit, sem kvað á um heimild til þessarar framkvæmdar og að sem gagngjald, sæi Húsavíkurbær um alla umhirðu á göngustíg og gróðursvæðum. Því miður fékk Gb5 ehf. ekki þennan samning með í gögnum um eignina við kaup í lok árs 1999.

Húsavíkurbær og síðar Norðurþing, efndi þennan samning myndarlega um langt árabíl, lengi var gróðursett árlega í falleg blómabeð á þessum gróðursvæðum og runnar vel hirtir. Með fækkun í áhöfn áhaldahúss til þessara verka hjá sveitarfélaginu hin síðari ár, hefur þessu farið mjög aftur. Sérstaklega í fyrra, en eins og ykkur er kunnugt gekk mjög erfiðlega að manna áhaldahús bæjarins á s.l. ári, sem leiddi til þess að téð gróðursvæði fengu enga umhirðu þá fyrr en liðið var fram á haustið.

Að þessu er enginn sómi, hvorki fyrir Norðurþing né Gb5 ehf. Ekki fyrir Norðurþing að geta ekki efnt að hefð téð samkomulag, né fyrir Gb5 sem fær yfir sig endurtekna glósur um slæma umhirðu þessara svæða, því fæstir vita um téð samkomulag og verkaskiptingu.

Undirritaður f.h. Gb5 ehf. óskar því eftir viðræðum við Norðurþing um endurskoðun á téðu samkomulagi, með breyttu fyrirkomulagi göngustígsins og gróðursvæðanna.

Kemur þar ýmislegt til, svo sem:

- Framangreindir erfiðleikar í umhirðu, sem undirritaður vill ekki upplifa annað sumar.
- Í framkvæmdum og viðbyggingu við Garðar, var stígur þar endurlagður til bráðabirgða og gróðursvæði við enda Garðars fjarlæggt.
- Að æskilegt er að fjölga bílastæðum með auknum umsvifum á svæðinu.
 - Því til skoðunar sameining bílastæðanna sem gróðursvæðið aðskilur og tilheyrandi endurskipulagning.
 - Útfæra mætti þá göngustíginn m.þ.a. fella stíginn niður í yfirborð bílastæðis með afmörkun með hellulögn og gróðurkeri / -kerjum.

- Malbik á bílastæðinu er orðið verulega slitandi og aðkallandi að yfirleggja það sem fyrst, áður en það verður of lélegt til yfirlagningar.
- Áður en farið er í þá yfirlagningu þarf að komast að niðurstöðu um framangreindar hugmyndir um sameiningu bílastæðanna.

Óskandi væri að taka umræðu um þessi atriði sem fyrst, traðla verður farið í yfirlagningu malbiks í ár og hjálpar þar að planið kemur vel undan góðum vetri, en gott væri og heyra afstöðu Norðurþings til málsins og að taka afstöðu til hugmynda sem fyrst.

Af hálfu Gb5 ehf. væri hinsvegar áhugi á að fjarlægja runna og gróðursvæðið milli bílastæðanna nú fyrir vorið. Trén út við Ketilsbrautina, allavega sum nokkuð reisuleg, mætti hugsanlega flytja ef áhugi væri á. Hagkvæmast væri að framkvæma nauðsynleg jarðvegsskipti í leiðinni. Þessu svæði væri síðan lokað til bráðabirgða með malarlagi, eins og gert var við viðbygginguna við Garðar, þar til aðilar hafa komist að niðurstöðu um framangreindar hugmyndir.

f.h. Gb5 ehf.


Þorgeir Björn Hlöðversson

Afrit :

Elfar Árni Lund sviðstjóri skipulags- og umhverfissviðs
Trausti Aðalsteinsson verkstjóri í þjónustumiðstöð Norðurþings Húsavík